



Júlí 2026

Úttekt

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Hraunbúðir

Samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007, skal landlæknir hafa reglubundið eftirlit með því að heilbrigðisþjónusta sem veitt er hér á landi uppfylli faglegar kröfur og ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma.

Embætti landlæknis setti fram [Áætlun um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu frá 2019 - 2030](#), sem heilbrigðisráðherra staðfesti í desember 2018. Embættið hefur áætlunina til hliðsjónar við úttektir sínar á heilbrigðisþjónustu en gert er ráð fyrir að áætlunin verði innleidd í áföngum.

Útgefandi

© 2026 Embætti landlæknis

Embætti landlæknis

Katrínartún 2

105 Reykjavík

S. 510 1900

mottaka@landlaeknir.is

www.landlaeknir.is

Rit þetta má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án þess að geta heimildar.

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	4
<i>Aðferð</i>	4
STEFNA, STJÓRNUN OG ÞJÓNUSTA	4
<i>Húsnæði</i>	5
<i>Gæða- og umbótastarf</i>	6
<i>Gæðahandbók</i>	6
<i>Skráning í sjúkraskrá</i>	6
<i>Gæðavísar</i>	6
<i>Skráning og úrvinnsla atvika</i>	6
<i>Kvartanir og athugasemdir við þjónustu</i>	7
<i>Sjónarhorn íbúa og aðstandenda</i>	7
MANNAUÐSMÁL	7
<i>Mönnun</i>	7
<i>Starfsumhverfi</i>	7
<i>Sí- og endurmenntun</i>	8
MAT EMBÆTTIS LANDLÆKNIS	8
<i>Ábendingar embættis landlæknis</i>	9
<i>Tilmæli embættis landlæknis</i>	10

Inngangur

Samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007 ber embætti landlæknis að fylgjast með gæðum og öryggi heilbrigðisþjónustunnar og stuðla að umbótum. Liður í slíku eftirliti eru úttektir á heilbrigðisstofnunum og við þær hefur embættið m.a. til hliðsjónar [Áætlun um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu frá 2019 - 2030](#), sbr. 11. gr. laga um landlækni og lýðheilsu. Í eftirlitsstarfi sínu hefur embættið að leiðarljósi að árangursríkasta leiðin til að bæta gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu er að efla samstarf og samráð við stjórnendur og starfsfólk heilbrigðisstofnana.

Í febrúar 2026 hófst úttekt embættis landlæknis á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Hraunbúðum sem Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) rekur. Tilefni úttektarinnar var tilkynning um alvarlegt atvik á stofnuninni. Úttektin tók til atriða er varða stefnumörkun, stjórnun, starfshætti, gæði og öryggi þjónustunnar og mönnun. [Lyfjastofnun](#) sinnir eftirliti með umsýslu lyfja á heilbrigðisstofnunum og starfsstöðvum heilbrigðisstarfsmanna samkvæmt 7. tölulið 1. mgr. 6. gr. lyfjalaga nr. 100/2020. Úttekt embættis landlæknis náði því ekki til þessara þátta.

Í þessari skýrslu er almennt ekki fjallað um það sem var skoðað en leiddi ekki til ábendinga eða tilmæla. Úttektarskýrslan er birt á heimasíðu embættis landlæknis og send heilbrigðisráðuneyti. Embættið þakkar stjórnendum og starfsfólki Hraunbúða góða samvinnu við úttektina.

Aðferð

Í úttektinni var stuðst við lög og reglugerðir og ýmis opinber gögn. Einnig voru skoðuð fyrirliggjandi gögn hjá embætti landlæknis og aflað var gagna frá stjórnendum Hraunbúða. Starfsmenn embættisins heimsóttu hjúkrunarheimilið 9. apríl 2026. Haldinn var fundur með stjórnendum og húsnæðið skoðað. Á fundinum var m.a. farið yfir markmið og tilgang úttektarinnar og stjórnendur kynntu þær umbætur sem innleiddar höfðu verið að undanförunu og þær sem eru áætlaðar. Tekin voru viðtöl við sex starfsmenn á Hraunbúðum, þrjá íbúa og sex aðstandendur. Í viðtölunum var stuðst við fyrir fram ákveðinn viðtalsramma.

Stefna, stjórnun og þjónusta

Stofnanir í heilbrigðisþjónustu eiga að setja sér stefnu og innleiða hana á markvissan hátt til þess að skapa ramma um þjónustuna í samræmi við það sem fram kemur í [Heilbrigðisstefnu – stefnu fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030](#).

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Hraunbúðir hóf starfsemi sína í Vestmannaeyjum árið 1974 og sá Vestmannaeyjabær um reksturinn fram til ársins 2022 en þá tók HSU við rekstrinum. Á [heimasíðu HSU](#) er ekki að finna neinar upplýsingar um Hraunbúðir aðrar en símanúmer heimilisins. Á heimilinu eru 34 íbúar, 31 þeirra eru í hjúkrunarrými og 3 í dvalarrými. Auk þess er eitt pláss fyrir hvíldarinnlagnir.

Í [ársskýrslu HSU](#) frá 2024 kemur fram að á öllum hjúkrunardeildum HSU sé veitt meðferð til að efla og uppfylla andlegar, líkamlegar og félagslegar þarfir. Einnig kemur þar fram að reynt sé að bjóða upp á tilbreytingu í daglegum athöfnum, efla tómstundastarf og veita fræðslu. Samkvæmt stjórnendum er unnið samkvæmt hugmyndafræði þjónandi leiðsagnar sem leggur áherslu á að skjólstæðingar fái að upplifa öryggi, upplifa umhyggju, veita umhyggju og vera þátttakandi. Ekki hefur þó farið fram formleg innleiðing á þeirri stefnu en það stendur til á komandi vetri.

Læknisþjónusta á Hraunbúðum er sinnt frá heilsugæslu HSU Vestmannaeyjum. Læknir kemur vikulega og sinnir íbúum en utan þess tíma sinna vakthafandi læknar á heilsugæslunni læknisþjónustunni. Verið er að breyta fyrirkomulaginu og verður yfirlæknir heilsugæslunnar framvegis ábyrgur fyrir læknisþjónustunni og föstum heimsóknum læknis verður fjölgað úr vikulegum heimsóknum í tvær heimsóknir í viku.

Á HSU Selfossi starfar sérfræðingur í öldrunarhjúkrun og öldrunarlæknir sem sinna ráðgjöf við fagfólk Hraunbúða.

Samkvæmt stjórnendum eru fjölskyldufundir haldnir reglulega og tölvupóstar með upplýsingum sendir aðstandendum eftir þörfum.

Hollvinasamtök Hraunbúða hafa sinnt ýmsu reglubundnu félagsstarfi á heimilinu og stutt við starfsemina með tækjakaupum.

Húsnæði


HSU leigir húsnæði Hraunbúða af Vestmannaeyjabæ. Húsið var upphaflega byggt sem bráðabirgðahúsnæði eftir eldgosið í Vestmannaeyjum 1973 og er að mestu upprunalegt. Ljóst er að kominn er tími á endurbætur. Víða er að sjá merki um leka og er gólfdukur farinn að bylgjast á sumum stöðum. Einnig hefur málning flagnað af handriðum og baðaðstaða og tæki er komið til ára sinna. Ekki er hægt að koma rúmum út um herbergisdýr íbúa ef til rýmingar kæmi. Samkvæmt stjórnendum hefur HSU lengi óskað eftir því að eigendur húsnæðisins sinni nauðsynlegum endurbótum á því og er áætlað að hefja endurbætur seinna á þessu ári þar sem m.a. á að skipta um gólfduk á hluta húsnæðisins.

Samkvæmt stjórnendum stendur til að hafa brunaæfingu og fara yfir brunavarnir.

Gæði og öryggi

Gæða- og öryggismenning felur í sér sameiginleg gildi og viðhorf, sem ásamt skipulagi og stjórnun leiða til ákveðins vinnulags og hegðunarmynsturs varðandi öryggismál. Meginþættir hennar eru: þekking á gæða- og öryggismálum, skuldbinding og forysta við að tryggja öryggi notenda, samskipti, samstarf sem og skráning og úrvinnsla atvika. Þróuð gæða- og öryggismenning er fyrir hendi þegar gæði þjónustu og öryggi notenda heilbrigðisþjónustu er sett í öndvegi og áhættustjórnun er samofin þjónustunni. Slíkt felur m.a. í sér að sífelld er unnið kerfisbundið að umbótum, hugað er að öryggi kerfislægra og mannlegra þátta og atvik eru nýtt sem námstækifæri. Enn fremur einkennist hún af opnum samskiptum og gagnkvæmu trausti milli starfsmanna og notenda.

Landlæknir hefur lagt fram Áætlun um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu 2019 - 2030 sem staðfest er af heilbrigðisráðherra og gefur henni vægi á við reglugerð. Áætluninni er ætlað að vera leiðsögn til þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu um hvaða kröfur eru gerðar til þeirra og hvernig þau geta uppfyllt þær kröfur. Þar kemur fram hvernig heilbrigðisstofnanir geta stöðugt fylgst með gæðum og öryggi þjónustunnar og brugðist við með umbótastarfi þegar þess gerist þörf. Í áætluninni eru fjórar megin stoðir: umbótaferli og stjórnskipulag, gæðavísar, skráning og úrvinnsla atvika og loks þjónustukannanir. Samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007 skulu heilbrigðisstofnanir og heilbrigðisstarfsmenn taka mið af staðfestri áætlun landlæknis um gæðapróun við gerð gæðaaætlana.



Mynd 7. Meginstoðir í Áætlun um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu 2019-2030.

Gæða- og umbótastarf

Gæðahandbók

Hjúkrunarheimilið hefur aðgang að gæðahandbók HSU og þar eru 16 skjöl sem eiga sérstaklega við um starfsemi Hraunbúða. Jafnframt hefur allt starfsfólk HSU ótakmarkað aðgengi að gæðahandbók Landspítala þar sem má finna verklagsreglur og klínískar leiðbeiningar sem nýtast í starfsemi Hraunbúða. Flest starfsfólk sagðist þekkja gæðahandbókina og einhverjir sögðust nota hana sér til stuðnings og leiðbeiningar. Ekki voru allir starfsmenn meðvitaðir um að til væru gæðaskjöl sem væri sérstaklega fyrir Hraunbúðir.

Skráning í sjúkraskrá

Hjúkrunarfræðingar setja fram hjúkrunargreiningar og meðferðaráætlun fyrir íbúa og skrá í rafræna sjúkraskrárkerfið Sögu ásamt framvindu hjúkrunar. Unnið er að því að innleiða notkun á smáforritinu Iðunni. Með notkun þess verður hægt að skrá viðkvæmar upplýsingar beint í sjúkraskrá íbúa á öruggan hátt og í rauntíma t.d. við umönnun. Hjúkrunarfræðingar sjá einnig um skráningu lyfjagjafa. Á Hraunbúðum er notast við Lyfjavaka sem er rafrænt lyfjaskráningarkerfi til að halda utan um skráningar á lyfjatiltekt og lyfjagjöfum íbúa. Notkun Lyfjavaka á að tryggja að rekjanleiki lyfjagjafa sé í samræmi við þær kröfur sem gilda um slíkar skráningar.

Í úttekt embættisins reyndist lyfjaferlið vera brotakernt. Lyfjafyrirmæli læknis voru ekki alltaf skráð í lyfjaskráningarkerfið og ekki var alltaf skráð í [Lyfjavaka](#) að lyfin hefðu verið gefin. Embættinu er kunnugt um að nú þegar hefur verið unnið að úrbótum á þessu í tengslum við úttekt Lyfjastofnunar.

Gæðavísar

InterRAI gæðavísar eru notaðir til að fylgjast með gæðum þjónustu á hjúkrunarheimilum. Stjórnendur hjúkrunar á Hraunbúðum fylgjast með niðurstöðum interRAI gæðavísa og nýta þær í umbótastarfi. Skýrsla er tekin út fyrir Hraunbúðir að loknu matstímabili og framkvæmdastjóri hjúkrunar á HSU heldur fund með stjórnendum Hraunbúða þar sem farið er yfir niðurstöður hvers gæðavísis og mögulegar umbætur ræddar. Sem dæmi um umbætur í kjölfar rýni nefndu stjórnendur að gæðavísir um rúmfasta íbúar var yfir viðmiðum og farið var í vinnu með starfsfólki til að greina vandann. Sú vinna hefur leitt til þess að tölur eru komnar undir 5% og vel undir landsmeðaltali.

[Mælaborð](#) embættis landlæknis sýndi þann 20. apríl 2026 að niðurstöður þriggja InterRAI gæðavísa voru á rauðu, þ.e. yfir viðmiðum, á síðasta tímabili hjá Hraunbúðum. Það voru gæðavísarnir þyngdartap, vökvaskortur og þvagfærasýkingar en sá síðastnefndi hafði þá verið á rauðu síðustu þrjú tímabil. Hafa ber í huga að gæðavísarnir gefa einungis vísbendingar um meðferð og umönnun.

Skráning og úrvinnsla atvika

Í lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007 segir í 9. gr.: „Heilbrigðisstofnanir ... skulu halda skrá um óvænt atvik í þeim tilgangi að finna skýringar á þeim og leita leiða til að tryggja að þau endurtaki sig ekki.“ Í 10. gr. laganna segir: „Heilbrigðisstofnunum ... sem veita heilbrigðisþjónustu ber að tilkynna landlækni án tafar um alvarleg atvik. Jafnframt skal tilkynna sjúklingi um hið alvarlega atvik án ástæðulausrar tafar og nánasta aðstandanda hans... þegar það á við.“

Til staðar er verklag í gæðahandbók HSU þar sem kemur fram að yfirmaður viðkomandi deildar ber ábyrgð á því að fara yfir skráð atvik sem fyrst en alltaf innan tveggja vikna. Alls voru skráð 74 atvik á Hraunbúðum á árinu 2025 og voru engin þeirra metin alvarleg. Við úttekt embættisins kom fram að stjórnandi hafði farið yfir flest þessara atvika. Hins vegar er úrvinnsla ekki lokið í neinu þeirra og stjórnendur Hraunbúða hafa ekki haldið reglulega atvikafundi né kynnt úrvinnslu atvika með öðrum hætti fyrir starfsmönnum. Framkvæmdastjóri hjúkrunar og gæðastjóri HSU höfðu ekki vitneskju um hvernig úrvinnsla atvika var háttað á Hraunbúðum og höfðu því ekki brugðist við.

Umbótaþópar höfðu ekki verið starfandi á Hraunbúðum þegar úttektin fór fram.

Kvartanir og athugasemdir við þjónustu

Engin formleg leið er fyrir aðstandendur til þess að koma á framfæri athugasemdum sínum önnur en sú að fara á vefsíðu HSU og senda þar inn fyrirspurn eða ábendingu um þjónustu. Ekki er til staðar verklag varðandi vinnslu kvartana og athugasemda hjá heimilinu. Samkvæmt stjórnendum eru allar fyrirspurnir og ábendingar afgreiddar af gæðateymi HSU.

Sjónarhorn íbúa og aðstandenda

Þjónustukannanir hafa ekki verið framkvæmdar á Hraunbúðum né heldur hafa aðrar markvissar aðferðir nýttar til þess að fá fram viðhorf íbúa og aðstandenda. En samkvæmt stjórnendum þá er í undirbúningi að setja af stað könnun sem send verður ársfjórðungslega á aðstandendur hjúkrunarheimila HSU til að safna ábendingum og tillögum að umbótum.

Í viðtölum við íbúa kom fram að þeir eru almennt ánægðir með þjónustuna og samskipti sín við starfsfólk. Flestir aðstandendur sem fulltrúar embættisins ræddu við voru mjög ánægðir með viðmót starfsfólks og þjónustuna á heimilinu en þó voru sumir ósáttir við þjónustuna og viðmót einstakra starfsmanna og nefndu einnig að oft virtist mönnun ekki vera fullnægjandi sem kæmi í einhverjum tilfellum niður á þjónustunni við íbúa. Einnig kom fram að oft væri upplýsingum til ættingja ábótavant varðandi daglega starfsemi, umönnun ættingja þeirra og breytingar á meðferð. Flestir voru sammála um að húsnæðið væri orðið gamalt og þyrfti gagngerar endurbætur. Fram kom að í húsnæðinu væru bæði silfurskottur og músagangur.

Mannauðsmál

Mönnun

Í [kröfulýsingu velferðarráðuneytisins](#) er tekið fram að rekstraraðili skuli tryggja að starfsemin sé ætíð mönnuð nægilega mörgum faglærðum og ófaglærðum starfsmönnum svo hægt sé að veita þá þjónustu sem skilgreind er í kröfulýsingunni. Samkvæmt íslenskum [viðmiðum um mönnun á hjúkrunarheimilum frá árinu 2015](#) er talið æskilegt að hlutfall hjúkrunarfræðinga sé 27% af mannafla sem sinnir umönnun og að lágmarkshlutfall þurfi að vera 20% til að tryggja öryggi íbúa. Þá er í viðmiðunum talið æskilegt að hlutfall faglærðra í umönnun sé 78% og lágmarkshlutfall 57% til að tryggja öryggi. Í fyrrnefndum viðmiðum er talið æskilegt að fjöldi umönnunarklukkustunda sé 5,34 klst. á íbúa á sólarhring og lágmarksfjöldi umönnunarklukkustunda sé 4,65. Mönnun á hjúkrunarheimilum skal þó ætíð taka mið af umfangi og eðli þjónustunnar og aðstæðum hverju sinni. Þess ber einnig að geta að ekki er stuðst við ofangreind viðmið í kröfulýsingu ráðuneytisins.

Stöðugildi hjúkrunarfræðinga á Hraunbúðum eru 4,1 þar með talinn einn deildarstjóri. Stöðugildi sjúkraliða eru 4,87 og ófaglærðs starfsfólks 24,58. Á Hraunbúðum eru umönnunarklukkustundir 5,02 á hvern íbúa á sólarhring. Hlutfall hjúkrunarfræðinga á heimilinu er 12% og hlutfall faglærðra af þeim sem sinna umönnun 27%. Samkvæmt fyrrnefndum viðmiðum nær hlutfall hjúkrunarfræðinga og hlutfall faglærðra ekki lágmarksviðmiðum og er langt undir þeim viðmiðum. En fjöldi umönnunarklukkustunda á íbúa á sólarhring er í samræmi við viðmið.

Hjúkrunarfræðingar á sjúkradeild HSU Vestmannaeyjum eru á bakvakt fyrir Hraunbúðir á nóttunni. Stjórnendur sjúkradeildar og Hraunbúða eiga mánaðarlega fundi og samkvæmt stjórnendum gengur samstarfið vel.

Í viðtölum við starfsmenn kom fram að flestir telji að auka þurfi hlutfall faglærðra starfsmanna.

Starfsumhverfi

Þær starfsumhverfiskannanir sem gerðar hafa verið síðast liðin ár á Hraunbúðum hafa sýnt að starfsánægja hefur verið undir viðmiðum og mun minni en á HSU almennt. Sama á við um marga aðra mælipætti í könnuninum t.d. samband við yfirmann, aðgengi að fræðslu og þjálfun og samband við jafningja. Þá kom fram í viðtölum við starfsmenn að töluvert væri um samskiptavanda milli starfsmanna og einnig að lengi hefði

verið óánægja og vantraust í garð stjórnenda en það horfði til betri vegar nú. Starfsmannavelta hefur verið 35% þegar skoðuð eru síðast liðin 3 ár.

Sí- og endurmenntun

Samkvæmt stjórnendum er boðið upp á nýliðafræðslu við upphaf starfs hjá HSU. Sú fræðsla var orðin eingöngu rafræn en þar sem þátttaka var dræm fer kennsla nú einnig fram á staðnum. Allir starfsmenn HSU hafa aðgang að rafrænu námskerfi þar sem boðið er upp á fjölbreytt námskeið sem styðja bæði faglega þróun og persónulegan vöxt í starfi. Stjórnendur segja að það sé áskorun að fá starfsmenn til þess að mæta í þá fræðslu sem boðið er upp á.

Starfsmenn nefndu að meira mætti vera um fræðslu og sögðu að almennt væri lítið um tækifæri til sí- og endurmenntunar.

Mat embættis landlæknis

Jákvætt er að töluverð umbótavinna er hafin á Hraunbúðum. Mikilvægt er að sú vinna haldi áfram og henni verði fylgt markvisst eftir. Embættið vill benda á mikilvægi stuðnings yfirstjórnar HSU við stjórnendur Hraunbúða þannig að umbætur nái fram að ganga. Í svo umfangsmikilli umbótavinnu er mikilvægt að yfirstjórn sé sýnileg, fylgi eftir að umbætur nái fram að ganga og bregðist við ef þörf er á.

Að mati embætti landlæknis er nauðsynlegt að bæta upplýsingaflæði til íbúa og aðstandenda, bæði um daglega starfsemi og umönnun íbúa. Auka þarf upplýsingar á heimasíðu og gera móttöku íbúa á heimilið formlegri t.d. með stöðluðum upplýsingum og gátlista.

Líkt og víða í íslensku heilbrigðiskerfi er mönnun fagfólks ein helsta áskorunin á Hraunbúðum. Ef tekið er mið af viðmiðum embættis landlæknis um mönnun á hjúkrunarheimilum er ljóst að hlutfall hjúkrunarfræðinga er undir lágmarki og einnig mönnun annarra fagaðila. Slíkt felur í sér hættu á að gæðum þjónustunnar við íbúana sé ógnað og er það áhyggjuefni auk þess sem það leiðir til aukins álags á hjúkrunarfræðinga og annað starfsfólk sem er við störf. Ónóg fagmönnun getur einnig haft í för með sér að ófaglært starfsfólk taki of mikla ábyrgð, án þess að hafa til þess næga þekkingu og þjálfun og er það áhyggjuefni. Í kaflanum *Fólkið í forgrunni í Heilbrigðisstefnu – Stefnu fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030* er fjallað um gott og öruggt starfs-umhverfi í heilbrigðisþjónustu og mikilvægi þess að tryggja mönnun með vel menntuðu, hæfu og áhugasömu starfsfólki. Stefnt er að því að árið 2030 hafi viðeigandi ráðstafanir verið gerðar af hálfu ríkisvaldsins til að tryggja mönnun heilbrigðisþjónustunnar og að mönnun heilbrigðisstofnana sé sambærileg við það sem best gerist erlendis, samræmist umfangi starfseminnar og tryggi gæði og öryggi. Embætti landlæknis tekur heils- hugar undir þessar áherslur. Embætti landlæknis telur mikilvægt að áhersla sé lögð á að styrkja fagmönnun enn frekar á Hraunbúðum og að áfram verði leitað allra leiða til að tryggja viðeigandi mönnun til að gæði heilbrigðisþjónustunnar sem veitt er á Hraunbúðum skerðist ekki. Mikilvægt er að huga að stuðningi við starfsfólk til að efla það í starfi og auka starfsánægju og draga þannig úr óæskilegri starfsmannaveltu.

Ekkert formlegt samstarf er á milli hjúkrunarheimila HSU varðandi fræðslu, úrvinnslu atvika eða annað gæðastarf en að mati embættisins liggja þar tækifæri til þess að styðja betur við litlar einingar og tryggja að lærdómur og úrbætur á einu heimili verði til úrbóta á öllum hjúkrunarheimilum HSU.

Hjúkrunarheimilið Hraunbúðir er enn í bráðabirgðahúsnæði og er komið til ára sinna og þarfnast gagngerra endurbóta líkt og nefnt er framar í skýrslunni. Embætti landlæknis leggur áherslu á mikilvægi þess að hefja þessar endurbætur sem fyrst og að vandað verði vel til undirbúnings þeirra framkvæmda svo þær komi sem minnst niður á þjónustu við íbúana. Einnig tekur embættið undir með stjórnendum að tryggja þarf fullnægjandi brunavarnir og að hægt sé að rýma húsnæðið með öruggum hætti komi til þess.

Ábendingar embættis landlæknis

1. Bæta þarf upplýsingagjöf á heimasíðu til íbúa og aðstandenda.
2. Bæta þarf upplýsingagjöf til aðstandenda varðandi daglega starfsemi og breytingar á meðferð íbúa.
3. Leita þarf allra mögulegra leiða til þess að draga úr starfsmannaveltu og að auka hlutfall fagmenntaðra í mönnun heimilisins og ná a.m.k. [lágmarksviðmiðum](#).
4. Fylgja þarf eftir að nauðsynlegar úrbætur verði gerðar á húsnæði og tryggja að húsnæðið uppfylli kröfur varðandi brunavarnir.
5. Efla þarf fræðslu til alls starfsfólks og fylgja því markvisst eftir að það nýti möguleika sína til sí- og endurmenntunar.
6. Nýta mætti samlegðaráhrif milli HSU Vestmannaeyja og Hraunbúða varðandi fræðslu og þjálfun og einnig annað gæðastarf. Einnig mætti horfa til þessa varðandi samstarf milli hjúkrunarheimila HSU almennt og tryggja að úrbætur á einu heimili leiði til úrbóta á öðrum heimilum sé þess þörf.
7. Kynna þarf áfram markvisst rafræna gæðahandbók og verklagsreglur fyrir starfsfólki og ítreka mikilvægi þess að nýta gæðaskjöl í daglegu starfi.
8. Efla þarf öryggismenningu á Hraunbúðum, með áherslu á þekkingu á gæða- og öryggismálum, fylgni við verklag, traust samskipti, samstarf og markvissa atvikaskráningu og úrvinnslu.

Að mati embættis landlæknis er umbótastarf á Hraunbúðum á réttri leið og mikilvægt að því sé haldið áfram og því fylgt eftir. Mikilvægt er að stjórnendur fá markvissan stuðning til að breytingar og umbótavinna sem í gangi er skili árangri. Einnig þarf að kynna betur það umbótastarf sem er í gangi fyrir öllu starfsfólki og hvetja það til þátttöku.

Fram kom í úttekt embættisins þörf fyrir aukna upplýsingagjöf og samvinnu milli Hraunbúða og annarra eininga innan HSU. Að mati embættis landlæknis þarf að styrkja samband milli Hraunbúða og þeirra eininga innan HSU sem sinna svipaðri þjónustu. Í því getur falist hagræði m.a. í fræðslu og þjálfun starfsfólks. Slíkt fyrirkomulag mundi einnig tryggja betra upplýsingaflæði innan HSU, skapa meira traust og ná þannig breiðari samstöðu sem myndi styrkja stjórnendur Hraunbúða.

Embættið leggur áherslu á að unnið verði áfram að því að bæta samskipti starfsfólks, en opin og góð samskipti milli starfsfólks er lykilþáttur í gæða- og öryggismenningu. Huga þarf sérstaklega að því að leysa þann stjórnunar- og samskiptavanda sem lengi hefur verið á Hraunbúðum og endurspeglast í starfsmannakönnunum undanfarin ár.

Embætti landlæknis leggur áherslu á að yfirstjórn HSU fylgi því eftir að stjórnendur Hraunbúða vinni úr atvikum og ráðist sé í úrbætur í kjölfar úrvinnslunnar sé þess þörf. Einnig bendir embættið á mikilvægi þess að stjórnendur ræði reglulega um mikilvægi atvikaskráningar og tilgang hennar við starfsfólk og kynni fyrir niðurstöður úrvinnslu atvika fyrir starfsfólki þannig að lærdómur hljóti af og umbætur eigi sér stað. Einnig er mikilvægt að aðstandendur og íbúar séu upplýstir um að heimilt er að bera fram kvörtun bæði til yfirstjórnar heimilisins og embættis landlæknis.

Embætti landlæknis hvetur stjórnendur og starfsfólk til að halda áfram að vinna markvisst að gæðastarfi, beina umbótastarfi þangað sem þörf er á og nýta [Áætlun um gæðabróun í heilbrigðisþjónustu 2019-2030](#) til að efla gæði og öryggi þjónustunnar.

Tilmæli embættis landlæknis

1. Yfirstjórn HSU ber ábyrgð á því að mönnun starfseminnar uppfylli lágmarkskröfur og þarf að styðja markvisst við stjórnendur til að breytingar og umbótavinna sú sem í gangi er skili árangri.
2. Efla þarf öryggismenningu og bæta enn frekar upplýsingagjöf til starfsmanna varðandi breytingar og gæða- og umbótastarf sem er í gangi hverju sinni.
3. Yfirstjórn HSU þarf að tryggja að gerðar séu reglulega þjónustukannanir á Hraunbúðum líkt og kemur fram í [Áætlun um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu](#).
4. Vinna þarf markvisst með þann stjórnunar- og samskiptavanda sem er til staðar á stofnuninni.
5. Tryggja þarf að unnið sé samkvæmt viðurkenndum leiðbeiningum við meðferð liggi þær fyrir.
6. Tryggja þarf að öll atvik séu skráð og skoðuð með tilliti til úrbóta. Úrvinnsla þarf að vera markviss sem og eftirfylgni þannig að umbætur eigi sér stað.
7. Tryggja þarf að atvik og úrvinnsla þeirra sé kynnt fyrir starfsfólki með það að leiðarljósi að auka meðvitund um umbætur sem þarf að vinna að.

Embætti landlæknis mun fylgja eftir framangreindum tilmælum og ábendingum. Óskað verður eftir úrbóta-áætlun frá stjórnendum Hraunbúða fyrir 1. september 2026 og framgangsskýrslum 1. desember 2026 og 1. mars 2027.